

Lesbók

Ævintýra- myndir í Háskólabíói

TÓNLIST
Kammertónleikar ★★★★★

Háskólabíó
Leif Ove Andsnes, Christian og Tanja Tetzlaff fluttu verk eftir Schumann, Janacek og Dvorák. Fimmtudagur 13. maí.

Einn fremsti píanóleikari samtímans kom fram á tónleikum í Háskólabíói á fimmtudagskvöldið. Þetta var hinn norski Leif Ove Andsnes. Einhverjir heyrðust kveina yfir því að hann væri ekki með einleikstónleika, heldur spilaði með tveimur öðrum hljóðfæraleikurum, byði ekki upp á sólóflugeldasýningu heldur kammermúsík. Kannski er það ástæðan fyrir því að það var ekki húsfyllir á tónleikumunum. Ég gat ekki betur séð en að efstu bekkir Háskólabíós væru tómir.

Hljóðfæraleikararnir sem „spilltu fjörinu“ voru systkinin Christian og Tanja Tetzlaff, fiðlu- og sellóleikari. Efnisskráin var í innhverfari kantinum, og einhverjum hefur kannski fundist hún leiðinleg. Þriðja tríóið eftir Schumann fyrir fiðlu, selló og píanó er ekki með því aðgengilegasta eftir tónskáldið. Það er miklu „leiðinlegra“ en t.d. Kreisleriana fyrir einleikspíanó. Ó, að Leif Ove hefði nú spilað það!

Engu að síður voru þetta frábærir tónleikar. Á dagskránni voru verk fyrir fiðlu, selló og píanó eins og fyrrnefnt tríó eftir Schumann og líka Fantasíestücke eftir sama tónskáld. Einnig fyrir selló og píanó (Ævintýramyndir eftir Janacek) og fiðlu og píanó (sónatína op.



Ljósmynd/Per Roald Landró

Christian Tetzlaff, Tanja Tetzlaff og Leif Ove Andsnes syntu í Bláa lóninu og léku á tónleikum í Háskólabíói. Hvert sem viðfangsefnið var þá leystu hljóðfæraleikararnir það fullkomlega af hendi.

100 eftir Dvorák). Hvert sem viðfangsefnið var þá leystu hljóðfæraleikararnir það fullkomlega af hendi.

Andsnes hefur einstaklega fallegan tón og spilar á píanóið eins og hann hafi aldrei gert neitt annað. Systkinin spiluðu líka afar fallega; mýkt fiðlunnar – sem er nýtt hljóðfæri, ekki gamall Stradivarius – var ótrúlega safarík og sónatínan eftir Dvorák var svo áhrifamikil að maður gleymdi stund og stað. Ævintýramyndirnar eftir Janacek voru sömuleiðis heillandi, sellóið skemmtilega rómantískt og píanóleikurinn fullur af merkingarþrungnum

hendingum og hljómasamsetningum. Og tónsmíðarnar eftir Schumann voru ástríðuþrungnar og spennandi, maður dáðist sérstaklega að stígangdinni í Fantasíestücke, sem var óvanalega markviss.

Svona á kammermúsík að vera. Premeningarnir spiluðu eins og einn maður, en samt voru raddir þeirra sjálfstæðar þegar við átti, samhentur hópur þriggja vina sem voru að ræða saman í mesta bróðerni. Maður gekk glaður út af þessum tónleikum.

Jónas Sen

FRÉTTABLAÐIÐ



5 Það er ekki oft sem maður nær tveimur myndarlegum píanósnillingum saman á mynd og því notaði ég tækifærið og myndaði íslenska undrabarnið Víking Heiðar með norska snillingnum Leif Ove tónleikana.

6 Eftir stórkostlega tónleika þrífeykisins gaf norskri sendiherrann á Íslandi Margit F. Tveiten systkinunum Tönju og Christian Tetzlaff ljósmynd sem tekin var af þeim í Bláa lóninu daginn áður.